

57 **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um lán handa**
 29. jan. **Eyjafjarðarsýslu til að koma upp tóvinnuvjelum.** (Ágrip). — Samkvæmt beiðni yð-
 ar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. f. m., hefi jeg veitt sýslu-
 fjelagi Eyjafjarðarsýslu 12000 króna lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að
 koma á fót tóvinnuvjelum, með þeim skilyrðum að lán þetta ávaxtist með 3½ %
 og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 17 árum með jöfnum
 afborgunum.

58

Reglugjörð

fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal tvisvar á ári, í apríl og nóvember, hreinsa af bandormum alla hunda, sem eru 9 mánaða og eldri; skulu hundarnir fyrst sveltir í sólarhring, og því næst skal gefa þeim inn 5 grömm af Araka, úthræðu í graut eða mjólk. Skulu hundarnir að því búnu vandlega geymdir í 3 klukkutíma í úthýsi eða kofa, þó eigi í fjárhúsum eða heyhlöðum. Allan saur, sem niður af hundunum gengur, skal brenna eða grafa djúpt í jörðu niður, og hylja vandlega yfir.

2. gr.

Meðölin er heimilt að borga af sveitarsjóði og útbýtir hreppsnefndin þeim eptir þörfum.

3. gr.

Hreppstjóri og hreppsnefnd hafa umsjón með lækningunum. Ef eigendur hundanna framkvæma eigi lækninguna á ákveðnum tíma sjálfir, skal hreppsnefnd og hreppstjóri láta framkvæma hana á kostnað hundeigendanna, sem þá eru skyldir að greiða þeim, er framkvæmir lækninguna 25 auro fyrir hvern hund, er hreinsaður er.

4. gr.

Árlega skal senda sýslunefndinni fyrir sýslufund ítarlega skýrslu um lækningarnar og árangur þeirra eptir formi því, er sýslunefndin býr til.

5. gr.

Á hverju hreppþingi skulu hreppstjórar brýna fyrir mönnum, að brenna alla sulli úr slátruðu sauðfje og nautgripum, varast að hundar nái í matar- eða vatnsilát o. s. frv.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—10 kr. eptir mála-
 vöxtum og skal fara með mál út af þeim sem opinber lögreglumál.

Framanritaða reglugjörð hefir sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu samið og